

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 8/2009

frá 5. febrúar 2009

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2008 frá 5. desember 2008 ⁽²⁾.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými ⁽³⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu ⁽⁴⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu ⁽⁵⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar ⁽⁶⁾ voru felldar inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 ⁽⁷⁾ frá 2. júní 2006 ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 482/2008 frá 30. maí 2008 um kerfi til að tryggja öryggi hugbúnaðar sem veitendur flugleiðsöguþjónustu munu taka í notkun og um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2096/2005 ⁽⁸⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁹⁾, sem var felld inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 ⁽¹⁰⁾ frá 9. desember 2004, féll úr gildi tilskipun 80/51/EBE ⁽¹¹⁾ svo og II. viðauki við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹²⁾, en hvorttveggja hefur verið felld inn í samninginn og skal því felld úr samningnum.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 100, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 5, 29.1.2009, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 18.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 141, 31.5.2008, bls. 5.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 37.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 18, 24.1.1980, bls. 26.

⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti 2. liðar (tilskipun ráðsins 80/51/EBE) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn falli brott.

2. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3922/91):
„– **32002 R 1592**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 (Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á undan lið 66we (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1265/2007):
„66wf. **32008 R 0482**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 482/2008 frá 30. maí 2008 um kerfi til að tryggja öryggi hugbúnaðar sem veitendur flugleiðsöguþjónustu munu taka í notkun og um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2096/2005 (Stjtið. ESB L 141, 31.5.2008, bls. 5).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66x (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005):
„– **32008 R 0482**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 482/2008 frá 30. maí 2008 (Stjtið. ESB L 141, 31.5.2008, bls. 5).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 482/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

formaður.